

# Aðgerðaráætlun Þelamerkurskóla

Áætlun um skólastarf í kjölfar takmarkana yfirvalda vegna COVID-19 veirunnar.

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Hörgársveitar leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru ítrekað endurmetin, sem og ráðstafanir sveitarfélagsins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Aðgerðaráætlun skólans byggir á þeim forsendum að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist á þeim tímapunkti sem áætlunin er gerð, fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar til að innviðir samfélagsins ráði sem best við stöðuna hverju sinni og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, s.s. eldra fólk og þá sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.

Meginregla stjórnenda hjá Hörgársveit og starfsfólks skólans er að nálgast viðfangsefnið af yfirvegum með jákvæðni og lausnaleyti að leiðarljósi. Tilmæli yfirvalda, s.s. Almannavarna og landlæknis, verða megin leiðarvísir sveitarfélagsins í öllum aðgerðum auk þess sem leiðbeiningar frá Sambandi íslenskra sveitafélaga sem og samráð við skóla í sambærilegri stöðu er haft til hliðsjónar.

Þann 6. mars sl. var gefin út [Viðbragðsáætlun Almannavarna fyrir Þelamerkurskóla](#). Þessi aðgerðaráætlun sem hér birtist er nákvæmari útlistun á þeirri viðbragðsáætlun og verður hún uppfærð jafnóðum sem nýjar upplýsingar eða ákvarðanir berast frá yfirvöldum sem kunna að hafa áhrif á skipulag skólastarfs. Megináhersla er lögð á að fylgja tilmælum yfirvalda skv. [Auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar](#) sem birtist á vef Stjórnarráðsins 13. mars 2020, en þar segir meðal annars að *Markmiðið með takmörkun skólastarfs er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19.*

Þelamerkurskóla, 16. mars 2020

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir

Skólastjóri

## Skólafar skipulagt út frá settum takmörkunum

- Í fyrstu umferð horfum við á eina viku í einu.
- Skóladagurinn er frá 8.20-12.45
- Óski foreldrar sérstaklega eftir því að halda börnum sínum heima við þessar aðstæður er það auðvitað sjálfsagt mál. Nauðsynlegt er að láta skólann vita og kennarar munu styðja við heimilin varðandi verkefni ef þess er óskað eða rúttínuskipulag og annað er varðar utanumhald tengt námi og vellíðan.
- Til að fylgja takmörkunum um hámark 20 nemendur í hópi og á svæðum verður nemendum og starfsfólki skipt upp í fjóra hópa skv. eftirfarandi töflu

### Skólafar í Belamerkurskóla miðað við takmörkun yfirvalda í kjölfar samkomubanns

Nemendur eru alltaf á sínu heimasvæði nema þegar þeir ganga í röð með sínum kennara í og úr frímínútur og matsal, með viðkomu við handlaugar til að þvo hendur vel og vandlega.

Hópur	Heimasvæði	Inngangur	Salerni	Morgunmatur	Frímínútur	Hádegismatur	Starfsfólk
H. 1: 1.-4.b. (17)	Stofa 4+5	Aðalinngangur	kk aðal	Kl. 8.30-8.45	Kl. 10-10.30	Kl. 11.30-11.45	JS, ARF, APÓ, MM
H. 2: 5.-6.b. (18)	Stofa 1 og 7	Aðalinngangur	kvk aðal	Kl. 8.50-9.05	Kl. 10.40-11	Kl. 11.50-12.05	HBB, HA, SG
H. 3: 7.-8.b. (16)	Stofa 3	Tengibygging	niðri hjá tónm.st.	Kl. 9.10-9.25	Kl. 11.05-11.20	Kl. 12.10-12.25	HK, ÓHJ, GA
H. 4: 9.-10.b. (15)	Stofa 2	Tengibygging	starfsmanna	Kl. 9.30-9.45	Kl. 11.05-11.20	Kl. 12.30-12.45	SBS, RB

- Ávaxtastund fellur niður.
- Aðrar skólastofur en þær sem tilgreindar eru í yfirliti sem vísað er í hér fyrir ofan verða lokaðar.
- 7.-10. bekkur eru inni á sínum heimasvæðum í frímínútum en mega fara út með nemendum úr sínum hópi - í samráði við kennara.
- List- og verkgreinakennsla fellur niður en kennarateymi hvers hóps fyrir sig eru hvött til að skipuleggja skapandi vinnu með nemendum inni á heimasvæðum eftir því sem aðstæður leyfa.
- Íþrótt- og sundkennsla fellur niður en kennarateymi hvers hóps fyrir sig eru hvött til að skipuleggja hreyfingu og útiveru á heimasvæðum eða útisvæðum þegar aðrir hópar eru ekki þar.
- Endurröðun húsgagna á svæðum til að minnka nánd og snertingu.
- Hver nemandi er með sína Krómtölvu sem fyrr og fær hana með sér heim ef þurfa þykir. Spjaldtölvur þrífna og deilt niður á milli hópa þar sem þær verða kyrrsettar.
- Salerni. Hóparnir nýta hver sitt salerni. Sjá töflu hér fyrir ofan.
- Inngangar:
  - Hópur 1 og 2 (1.-6. bekkur) nota aðalinngang. Fatahengjum verður endurraðað og þau merkt upp á nýtt m.t.t. þess að minnka nánd.

- Hópur 3 og 4 (7.-10. bekkur) ganga inn í tengibyggingu á neðri hæð. Lausum fatahengjum verður komið fyrir á gangi fyrir framan smíðastofu.
- Skólaakstur helst óbreyttur á eftirfarandi forsendum; börn starfsmanna koma með foreldrum sínum í skólann. Börn foreldra eða systkina sem eru í áhættuhópi eru sótt á einkabílum. Öðrum börnum í skólabílum er raðað þannig að systkini sitja hlið við hlið og aðrir sitja með hæfilega fjarlægð sín á milli. Niðurröðun lokið og þetta gengur upp. Við komu í skólann fara nemendur úr skólabílum og inn í skóla í þeim hópum sem búið er að skipta þeim í; nemendur 1.-4. b. út úr öllum bílum fyrst, því næstu nemendur úr 5.-6. bekk, svo 7.-8. bekk og að lokum 9.-10. bekk.
- Matráðar og skólaliðar sem eru í návígi við alla hópa noti ávallt hanska.
- Öll þrif endurskoðuð. Utanaðkomandi aðilar koma og þrifa/sótthreinsa í lok hvers skóladags.
- Skólabygging verður læst en á útihurð verða símanúmer stjórnenda.
- Öllum viðburðum og ferðum utan skóla verður frestað.

Áætlun þessi getur breyst eftir því sem aðstæður kunna að breytast næstu daga.